

Fundur í starfshóp um nýtt dagforeldrakerfi haldinn þann 13. desember 2016 kl. 16.30

Mættar Jenný, Karólína, Guðbjörg, Steinþóra og Eyrún

- Ræddir punktar sem Guðbjörg og Karólína undirbjuggu fyrir fundinn og

Dagforeldrar eru opnir fyrir einhverskonar skráningarkerfi jafnvel í gegnum Hrund, að hún hefði eitthvað um að ráðstafa plássum og hafa eitthvað um það að segja.

- Úfærsla á skráningarkerfi sammála um að hafa það að einhverju leyti en það spurning um útfærslu á því kerfi.
- Dagforeldrar hafa áhyggjur af því að þegar yngri börn verði tekin inn í leikskóla eins og nú er orðið þá muni fjöldi dagforeldra hætta störfum því það mun leiða til fækkunar barna. Þær telja að þetta kalli á nánari útfærslu hjá Velferðarráðuneytinu að endurskoða reglugerðina varðandi aldurssamsetningu, þar sem eins og áður segir að sveitarfélögin eru að taka inn yngri börn, sem þá gæti leitt af sér að dagforeldrar hefðu þá tök á að bjóða þá enn yngri börnum til sín.

Fundur sem Steinþóra og Eyrún áttu með dagforeldrum:

- Dagforeldrar eru tilbúnir að skoða samstarfssamning, rætt var um Bjarkarhúsið eins og bærinn bauð á sínum tíma, en að sögn þeirra þá gengur það ekki upp. Miklu frekar ef Hafnarfjörður ætti hús fyrir þær til afnota sem athvarf og benda þá á húsið við Grænukeinn. Dagforeldrar telja að athvarf eins og þær höfðu hér áður fyrr í Setberginu myndi vera afar góð viðbót. Þar gætu þeir hist með börnin og þau leikið saman. Húsnæðið í Grænukeinn er ekki nothæft en leikaðstaðan er alveg nothæf. Ítreka að þær telja brýnt að þeim vanti athvarf til þess að hittast með börnin.
- Ef það kæmi til einhversskonar samstarfssamnings að þá í leiðinni yrði líka gjaldasamningur og sá samningur yrði til þess að bærinn greiddi dagforeldrum styrk sem þær gætu nýtt til t.d. endurbóta eða leikfangakaupa. Þessi styrkur væri í samhengi við það þegar bærinn er að hækka niðurgreiðslu til foreldra. Dagforeldrar tala um að þeir séu almennt ekki að hækka vistunargjaldið hjá sér sem dæmi þá hefur dagforeldri sem var á fundinum einungis hækkað gjaldið sitt um 1.000 kr. sl. 6 ár. Hugmynd sem sett er fram.

Ákveðið að hittast í janúar og þá jafnvel verið að horfa til þess að þá yrðu komin drög að samstarfssamningi.

Fundi slitið 17.25 Jenný ritaði fundargerð.